

Sveitarstjóri Dalir

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: þriðjudagur, 28. nóvember 2017 18:46
To: Finnbogi Kristjánsson; Andri Guðlaugsson; snorri@fasteignasalan.is; halli@fasteignasalan.is
Subject: RE: Laugar í Sælingsdal
Attachments: Laugar_Kort2_Landamerkjalyking.pdf

Sælir
Fékk athugasemdir við mörk jarðarinnar að Hólum eins og þau eru teiknuð á map.is.
Mörkin eru sennilega réttari á meðfylgjandi korti.

Stærð jarðarinnar er sennilega nær 7,7 km² eða 770 ha.

mbk
Sveinn

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: 23. nóvember 2017 15:01
To: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>; Andri Guðlaugsson <andri@eignamidlun.is>; 'snorri@fasteignasalan.is' <snorri@fasteignasalan.is>; 'halli@fasteignasalan.is' <halli@fasteignasalan.is>
Subject: Laugar í Sælingsdal

Fasteignasalan Frón
Eignamiðlun
Fasteignasalan Bær

Sælir
Ofangreindar fasteignasölur hafa auglýst til sölu hluta eigna Dalabyggðar og Dalagistingar ehf að Laugum í Sælingsdal.

Sveitarstjórn hefur nú ákveðið að allar eignir Dalabyggðar og Dalagistingar ehf að Laugum í Sælingsdal séu til sölu. Eignirnar eru:

- 50% hlutur í jörðinni Laugar í Sælingsdal, fastanr. 211-7487 og tilheyrandi jarðhitaréttindi
- 100% hlutur í 13,1 ha lóð, fastanr. 236-0631 og tilheyrandi jarðhitaréttindi
- 100% hlutur í hóteli, fastanr. 211-7491
- 100% hlutur í skólahúsnæði, fastanr. 211-7490, 211-7500, 211-7497 og 211-7393
- 100% hlutur í íþróttahúsi og sundlaug, fastanr 411-7501
- 100% hlutur í 4 íbúðarhúsum, fastanr. 211-7496,
- Guðrúnarlaug
- Hita-, vatns- og fráveita
- Afnotaréttur af tjaldsvæði

Nýlegt deiliskipulag er í gildi fyrir hluta jarðarinnar þar sem gert er ráð fyrir m.a. 16 frístundahúsalóðum (11 óbyggðar/óráðstafaðar), 4 íbúðarhúsalóðum (1 raðhúsalóð óráðstöfuð) og byggingarreitum fyrir hugsanlega stækkun hótels.

Komi til sölu mun Dalabyggð mun leita samninga nýjan eiganda um langtímaleigu á u.þ.b. 300 m² húsnæði þar sem Byggðasafn Dalabyggðar er til húsa. Hugsanlega einnig skammtímasamninga um afnot skóla af íþróttahúsi og sundlaug.

Kvaðir verða settar um að Guðrúnarlaus verði ávallt aðgengileg almenningi enda hefur laugin sýnt sig vera vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

Þegar hefur borist tilboð í eignina og sveitarstjórn svarað því með gagntilboði sem gildir til 12. desember nk. Fyrirvari er á gagntilboðinu um að ekki komi fram hagstæðara tilboð fyrir 12. desember nk.

Ég bið ykkur að lagfæra auglýsingar ykkar sem eru á fasteignavefjum. Óskað eftir tilboði.

Nú gildir kannski enn frekar en áður fyrirsögnin úr Mogganum 10. des. í fyrra „Ferðaþjónustuhorpi til sölu“.

Ég veiti frekari upplýsingar eftir þörfum.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700 – 864 4647
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is

Fyrirvari:
Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.
Disclaimer:
This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.
Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake
